

99

4. sept.

REGLUGERÐ**um bann við dragnótaveiði í landhelgi á Arnarfirði.**

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta, þar á meðal kolanætur (Snurrevot), til fiskveiða í landhelgi innan línu frá Sléttunestá norðan Arnarfjarðar og í Kópafloðu sunnan við fjörðinn á tímabilinu frá 1. september til 30. nóvember á: hvert.

Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota, þó skal eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja á bannsvæðinu, heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgisgæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða þeim sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í framangreindum lögum.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. október 1934 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. september 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.